

### **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 22. desember 2014 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-56/2013:

#### **I**

##### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 17. júlí sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á bifreið, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefndur seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að kaupunum verði rift en að auki krefst álitsbeiðandi þess að seljandi greiði sér skaðabætur.

#### **II**

##### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 7. ágúst sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 13. ágúst. Með bréfi, dags. 15. ágúst, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 29. ágúst. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 16. desember, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

#### **III**

##### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 23. júní 2014 keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda fyrir kr. 450.000. Var bifreiðin af gerðinni Mitsubishi Montero, árgerð 2000, fyrst skráð 1. janúar 2001. Segir álitsbeiðandi að við kaupin hafi seljandi sagt bifreiðina í lagi að öllu leyti. Við skoðun hjá Frumherja eftir kaupin, þ.e. hinn 14. júlí sl., hafi hins vegar verið gerðar athugasemdir við ástand bifreiðarinnar í 22 liðum. Krefst álitsbeiðandi þess að kaupunum verði rift á þeim forsendum að seljandi hafi ekki skýrt honum frá umræddum bilunum við kaupin. Þá krefst álitsbeiðandi þess að seljandi greiði honum skaðabætur að fjárhæð kr. 75.300 vegna útlagðs kostnaðar vegna viðgerða á bifreiðinni, en reikningur fyrir viðgerðinni er dags. 26. júní sl.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af tilkynningu um eigendaskipti bifreiðarinnar, dags. 23. júní 2014, afrit af skoðunarvottorðum ökutækisins, afrit af reikningi vegna viðgerðar á bifreiðinni auk afrits af skoðunarskýrslu Frumherja, dags. 14. júlí sl. Í skoðunarskýrslu Frumherja koma fram 22 athugasemdir við ástand bifreiðarinnar: 1. Hemlaljós óvirkt eða ótengt miðju og h/megin, 2. Þokuljós óvirk eða ótengd, 3. Dauf lýsing aðalljósa - ljósker skemmd, 4. Loftnet brotið, 5. Loftkæling, ófullnægjandi kæling, 6. Smurolíuleki úr hreyfli (ath. hvort brenni olíu), 7. Lakk rispað eða skemmt, 8. Yfirbygging beygluð eða dælduð, 9. Listar lausir, vantar eða skemmdir, 10. Ekki hægt að læsa/opna hurð með lykli, 11. Lakk misþykkt, bendir til viðgerðar eftir tjón, 12. Grill laust eða skemmt, 13. Miðstöðu - tæring í rörum undir bíl, 14 Spindilkúla/bolti slitin vinstra megin - neðri, 15. Endurryðvörn æskileg, 16. Felgulykil vantar og tjakk, 17. Drif - ath. virkni á lágadrifi, 18. Hemlar liggja úti og hamla snúningi hjóla framan hægri, 19. Aflögun hemla of mikil (óregluleg hemlun á einu hjóli) framan og vinstri og aftan vinstri, 20. Hemlaklossar/borðar slitnir allir, 21. Hemladiskur skemmdur eða slitinn báðum megin aftan, 22. Viðvörunarþríhyrning vantar.

#### **IV**

## Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur m.a. fram að hinn 23. júní 2014 hafi álitsbeiðandi komið til seljanda og skoðað bifreið þá er seljandi var með til sölu. Hafi seljandi og álitsbeiðandi farið saman í stutta bílferð á bifreiðinni og álitsbeiðanda litist vel á bifreiðina og viljað kaupa hana á uppsettu verði. Þegar bifreiðin hafi verið skoðuð hafi orðið vart við leka við hægra afturdekk og sást strax að það var bremsuvökvi og að eitt rör var bilað. Var engu að síður ákveðið að ganga frá kaupunum strax og samið um að lækka uppsett verð á bifreiðinni um kr. 50.000, sem myndi vonandi nægja fyrir viðgerð. Segist seljandi einnig hafa boðist til þess að koma bifreiðinni á verkstæði áður en gengið yrði frá kaupunum, en álitsbeiðandi gæti þá sótt bifreiðina á verkstæðið. Síðar kom í ljós að viðgerðin kostaði meira en kr. 50.000, eða samtals kr. 75.300, en í umræddri viðgerði var skipt um fleira en umrætt rör. Segir seljandi að stuttu síðar hafi álitsbeiðandi haft samband við sig til þess að reyna að rifta kaupunum. Ekki hafi sú krafa á þeim tíma verið vegna ástands bifreiðarinnar sjálfrar, heldur hafi álitsbeiðandi gefið upp aðra ástæðu. Segist seljandi ekki hafa fallist á ósk um riftun. Segist seljandi einnig hafa komist að því að álitsbeiðandi hefði ekki enn skráð bifreiðina á sig hjá Umferðarstofu. Hefði þetta haft þær afleiðingar að seljandi neyddist til að greiða opinber gjöld af bifreiðinni að fjárhæð kr. 33.000 til þess að geta gengið frá skráningu bifreiðarinnar yfir á álitsbeiðanda. Þá fjárhæð segir seljandi að álitsbeiðandi skuldi sér enn. Þá gerir seljandi athugasemdir við öll þau atriði sem komu fram í skoðun Frumherja á bifreiðinni og segir flest atriðin ýmist hafa komið fram við kaupin, eða séu þess eðlis að álitsbeiðanda hafi mátt vera þau ljós við skoðun á bifreiðinni við kaupin, en önnur atriði eigi sér þá eðlilegu skýringu að bifreiðin sé komin nokkuð til ára sinna og því þarfnist hún viðhalds. Þá tekur seljandi fram að bifreiðin hafi verið seld langt undir gangverði.

## V

### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda hinn 23. júní 2014 fyrir kr. 450.000. Var bifreiðin af gerðinni Mitsubishi Montero, árgerð 2000, fyrst skráð 1. janúar 2001. Bifreiðin var því rúmlega 13 ára og 6 mánaða á kaupdegi. Ekki kemur fram hve mikið bifreiðinni hafði verið ekið, en við skoðun Frumherja á bifreiðinni eftir kaupin, þ.e. hinn 14. júlí 2014, kemur fram að bifreiðin sé þá ekin 104.833 km.

Ekki er fyrir að fara kaupsamningi milli aðila, aðeins tilkynningu um eigendaskipti, dags. 23. júní 2014. Eins og málum er hér háttáð telur kærunefndin óhætt að ganga út frá því að bifreiðin hafi verið seld í því ástandi sem hún var eða með álíka fyrirvara. Því falli kaupin undir 19.-20. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup sem ná til sölu hlutar „í því ástandi sem hann er“ og sölu hluta á uppboði. Sala á notuðum hlutum fellur því alla jafna undir þessi lagaákvæði. Í 19. og 20. gr. segir m.a.:

„19. gr. Hlutur seldur „í því ástandi sem hann er“. Sala á uppboði.

Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

a. hluturinn svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur gefið um hann, eiginleika hans eða not og ætla má að þessi atriði hafi haft áhrif á það að kaup gerðust;

b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skipta

varðandi hlutinn eða not hans og seljandi hlaut að þekkja til og kaupandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin eða c. ástand söluhlutar er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

20. gr. Vond trú kaupanda, rannsókn fyrir kaup o.fl.

Kaupandi getur ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Hafi kaupandi rannsakað söluhlut áður en kaupin voru gerð eða hafi hann án gildrar ástæðu látið undir höfuð leggjast að sinna hvatningu seljanda um slíka rannsókn getur kaupandi ekki borið fyrir sig neitt það sem hann hefði þá átt að veita athygli. Þetta gildir þó ekki ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans að öðru leyti verið andstætt heiðarleika og góðri trú.“

Í framangreindum ákvæðum er annars vegar kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og hins vegar skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í c-lið 1. mgr. 19. gr. er kveðið á um það að söluhlutar sé gallaður þegar ástand hans er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti. Í álitsbeiðni kemur fram að álitsbeiðandi lét skoða bifreiðina hjá Frumherja og voru þar gerðar athugasemdir við 22 atriði. Virðist álitsbeiðandi telja umrædd atriði til galla á bifreiðinni. Seljandi hefur mótmælt þessum skilningi álitsbeiðanda, bæði með vísan til þess að sum atriði hafi komið fram við kaupin, önnur verið augljós við skoðun á bifreiðinni og enn önnur falli undir eðlilegt viðhald á jafn gamalli bifreið. Vísar seljandi jafnframt til þess að álitsbeiðandi hefði getað látið söluskoða bifreiðina fyrir kaupin, en ekki gert það.

Telur kærunefndin rétt að taka fram að öll þau atriði sem álitsbeiðandi telur til galla á bifreiðinni hefði mátt sjá við söluskoðun á bifreiðinni. Eins hefði álitsbeiðandi sjálfur mátt verða var við mörg atriðin sjálfur við skoðun á bifreiðinni við kaupin. Með vísan til 1. og 2. mgr. 20. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup verður því að hafna kröfum álitsbeiðanda, enda ekki sýnt fram á það í málinu að lokamálsliður 2. mgr. 20. gr. eigi við í málinu, né heldur a-c. liðir 1. mgr. 19. gr. laganna.

## VI Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir